

FUNDARGERÐ FRÁ FJARFUNDI UM GERÐ SVÆÐISSKIPULAGS FYRIR SUÐURHÁLENDIÐ

30. apríl 2021

Samantekt frá fundi skipaðs starfshóps sveitarfélaganna um gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálandið.

Tilgangur fundarins er að yfirfara drög að starfsreglum en Skipulagsstofnun gerir í bréfi sínu, dags. 16. mars sl., athugasemd við að sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg eigi beina aðild að gerð svæðisskipulagsins.

Fjarfundur haldinn föstudaginn 30. apríl – kl. 08:30 til kl. 09:00.

Eftirtaldir eru þátttakendur á fundinum:

Svæðisskipulagsnefnd fyrir gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálandið: Árni Eiríksson Flóahrepp, Ásta Berghildur Ólafsdóttir og Egill Sigurðsson Ásahrepp, Björn Kristinn Pálmarsson Grímsnes- og Grafningshrepp, Einar Freyr Elínarson Mýrdalshrepp, Halldóra Hjörleifsdóttir Hrunamannahrepp, Lilja Einarsdóttir Rangárþing eystra, Guðrún S. Magnúsdóttir, Óttar Bragi Þráinsson og Valgerður Sævarsdóttir Bláskógabyggð og Björgvin Skafti Bjarnason Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Verkefnastjórn fyrir gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálandið: Helgi Kjartansson formaður, Eva Björk Harðardóttir varaformaður og Anton Kári Halldórsson ritari.

Starfsmaður SASS: Bjarni Guðmundsson tekur saman minnispunkta á fundinum.

Formaður setur fundinn og býður fundarmenn velkomna. Á dagskrá eru drög að starfsreglum fyrir svæðisskipulagsnefndina.

Drög að starfsreglum:

Formaður kynnir drög að starfsreglum og ábendingar sem Skipulagsstofnun gerir við þær í bréfi sínu, dags. 16. mars sl. Stofnunin telur að sveitarfélögin Árborg og Flóahreppur eigi ekki að eiga formlega aðkomu að gerð svæðisskipulagsins þar sem þau fara ekki með skipulagsvald á svæðinu. Þar sem fyrrgreind sveitarfélög eiga hins vegar nýtingarrétt á hálendinu, fellst stofnunin á að þau gæti hagsmuna sinna á fundum nefndarinnar og hafi þar málfrelsi og tillögurétt.

Árni tekur undir að starfsreglunum sé breytt til samræmis við ábendingar Skipulagsstofnunar. Samhliða þeirri breytingu vill hann að kostnaðarpáttöku við verkefnið verði breytt.

Formaður fer yfir minnisblað frá 20. nóvember 2020 en skv. því er gert ráð fyrir að hvert sveitarfélag beri 15% sem er fastur kostnaður af gerð svæðisskipulagsins og hann dreifist jafnt á öll 11 sveitarfélögin. Hinn hlutinn byggist á stærð landsvæðis á hálendinu sem liggur innan skipulagsmarka viðkomandi sveitarfélags. Til að mæta sjónarmiðum Flóahrepps leggur formaður til að 1) hlutur Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna landstærðar verði aukinn í 85%, var áður 65% og 2) að fundin verði leið með stjórn SASS til að fjármagna það sem út af stendur (tvisvar sinnum fastur kostnaður). Verði tillagan samþykkt hefur hún ekki áhrif á þegar samþykka kostnaðarskiptingu annarra sveitarfélaga sem koma að gerð svæðisskipulagsins.



Björgvin Skafti telur í ljósi aðstæðna þetta skynsamlega niðurstöðu sem hann mun leggja fyrir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Formaður ber tillöguna undir fundarmenn og er hún samþykkt samhljóma.

Fram kemur að mikil samstaða er meðal sveitarfélaganna um gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálendið.

Formaður leggur til að honum og Bjarna verði falið að ganga frá starfsreglum og fundargerð til samræmis við umræður á fundinum og senda á fundarmenn til samþykktar. Það var samþykkt samhljóða. Í framhaldi verða þær sendar á sveitarstjórnir og Skipulagsstofnun til formlegrar staðfestingar.

Fundi slitið kl. 08:56.